

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1092 Ís 47 ehf (IS-36079) Önundarfjörður	Önundarfjörður 425 Flateyri	Gísli Jón Kristjánsson Eldisstjóri			
TilEfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	4.2.2020	19.2.2020	7,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 22 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 10 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 8 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarleg frávik	Frávik
2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
6.1.1 Mat á úrbótum	3.1.3 Eldisbúnaður
	3.1.6 Merkingar sjókvíaeldisstöðva
	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga
	5.1.1 Þjálfun starfsfólks
	5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva
	5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva
	5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Aðrar athugasemdir

Reglubundið eftirlit með rekstrarleyfi ÍS 47 í Önundarfirði fór fram 4. febrúar. Ásamt því að skoða gæðakerfi og skráningar rekstrarleyfishafa var farið út á sjó á eldissvæði ÍS 47 og skoðað báðar kvíar.

Margar athugasemdir eru gerðar vegna skilyrða rekstrarleyfa, einnig vegna eldisbúnaðar, ásamt notkun gæðahandbókar og innra eftirlit.

Þrjú frávik úr síðasta eftirliti höfðu ekki verið lagfærð og var því sett alvarlegt frávik á lið 6.1 í þessu eftirliti.

Ekki er komið stöðvarskírteini fyrir staðsetningu. Matvælastofnun gerir alvarlega athugasemd við þetta brot á rekstrarleyfi ÍS 47, en ábyrðaraðili fyrirtækisins segir að undirbúningsvinna fyrir skírteini sé langt komin en eftir sé að fá úttektarmann frá vottaðri skoðunarstofu til að votta staðsetninguna. Ef rekstraraðili gerist aftur sekur um brot á því að hafa ekki stöðvarskírteini mun Matvælastofnun grípa til aðgerða sem getur leitt til afurköllunar rekstrarleyfis skv. 16. gr. laga nr. 71/2008 og 17. gr. reglugerðar nr. 1170/2015

Frestur til úrbóta vegna alvarlegra frávíka er til og með **19.mars 2020**. Frestur til úrbóta annarra frávíka er til og með **19. maí nk.**

Ef ekki verður brugðist við þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið bendir undirritaður á að samkvæmt verklagi Matvælastofnunar verður gripið til þvingunarúrræða t.d. beitingu dagsekta skv. 21.gr a. í lögum um fiskeldi 71/2008.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Starfsstöð

Ís 47 ehf (IS-36079) Öndarfjörður
Öndarfjörður
425 Flateyri
Staða: Í gildi
Kennitala: 6506033030

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi

Tengiliðir

Gísli Jón Kristjánsson

892-1062

is47@simnet.is

Stöðvarstjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 04.02.2020

Alvarlegt frávik

Undirbúningur langt kominn, eftir að fá vottaða skoðunarstofu til að koma og votta.

skv. 25. gr. í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015.

Krafa um stöðvarskírteini. Allar sjókvíaeldisstöðvar skulu hafa stöðvarskírteini útgefið af faggildri skoðunarstofu og skal skírteinið aðeins gilda fyrir eina stöð á einum stað.

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 04.02.2020

Frávik

Ekki hefur verið skiluð framleiðsluskýrsla fyrir árið 2019.

skv. 47. gr. í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015.

Rekstrarleyfishafi skal gefa Matvælastofnun árlega skýrslu um starfsemi sína þar sem fram koma upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka 2. Skýrslan skal send til Matvælastofnunar fyrir 1. febrúar ár hvert.

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.1 - Sjókvíaeldi

3.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 04.02.2020

Frávik

Ekki er augnspotti bundinn í auga á þremur stöðum á kví 07 og tveimur stöðum á kví 06.

Nauðsynlegt er að fara yfir þetta og laga á öllum kvíum á stöðinni, sérstaklega eftir vont veður

3.1.6 Merkingar sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 04.02.2020

Frávik

1. Tvær tómar kvíar eru fyrir utan kvíaramma og eru ekki merktar með radarspegli né ljósum og gæti skapast hættu á árekstri. Matvælastofnun krefst þess að þessar kvíar verði fjarlægðar eða færðar og festar inn í rammann svo þær skapi ekki hættu.

2. Ljós til að merkja eldissvæðið voru dauf og þarf að skipta um rafhlöðu eða ljós.

Skv. 32gr. í reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015

3.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokun

Sett inn: 04.02.2020

Í lagi

Einungis nýir nótapokar eru í notkun á eldissvæði ÍS 47

Rekstrarleyfishafi skal við eftirlit og viðgerðir á netpokum einungis skipta við verkstæði sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009. Faggild skoðunarstofa skal votta að viðgerðaraðili uppfylli skilyrði þar um.

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Frávik

Sett inn: 04.02.2020

Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga er til. Hún er hinsvegar ekki aðgengileg um borð í vinnubát á eldissvæði.

Skv. 37 gr. í reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015

Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á starfsstöð og kynna starfsmönnum hana.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Frávik

Sett inn: 04.02.2020

Þjálfunarskrá er til en hefur ekki verið útfyllt af starfsmönnum.

skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015:

Halda skal þjálfunarskrá fyrir hvern einstakan starfsmann. Þjálfunarskrá inniheldur þá þjálfun sem starfsmaður hefur lokið og í henni eru tilgreindir þeir verkþættir sem starfsmaður þarf að tileinka sér. Öllum starfsmönnum skal kynnt gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins í nýliðakynningu.

5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva

Frávik

Sett inn: 04.02.2020

Súrefnisinnihaldi sjávar er ekki mælt.

Lús er ekki talin, er bara metin frá yfirborði.

Skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015 er tekið fram hvað skal að lágmarki vera í innra eftirliti í gæðahandbók sjókvíaeldis og flokkast þessi atriði undir það.

5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva

Frávik

Sett inn: 04.02.2020

Sannprófun hefur ekki verið gerð og skráð.

skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015 kemur fram að sannprófa skal innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slysasleppingu eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldistöðvarinnar

5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Frávik

Sett inn: 04.02.2020

Árlegur fundur hefur ekki verið haldinn fyrir starfsmenn sjókvíaeldisstöðvar.

Skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015

Árlega er haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttaka starfsmanna er skráð í þjálfunarskrá

6 - Úrbætur

6.1 - Úrbætur

6.1.1 Mat á úrbótum

Sett inn: 04.02.2020

Alvarlegt frávík

Þar sem athugasemdir við eftirfarandi atriði voru gerðar í síðustu skoðun og hefur ekki verið lagfært, verður þessi liður skráður sem **alvarlegt frávík**.

Athugasemdir úr síðasta eftirliti matvæla stofnunar sem ekki hefur verið lagfært:

Frávík 1: Ekki er framkvæmd sannprófun innra eftirlits. Sannprófun innra eftirlits skal vera í samræmi við viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi.

Frávík 2: Innra eftirlit fiskeldisstöðva skal vera í samræmi við 42. gr. og 43. gr. í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi.

Frávík 5: Ekki er haldin þjálfunarskrá fyrir starfsmenn. Rekstrarleyfishafi skal tryggja að allir starfsmenn fái viðeigandi þjálfun og halda skal þjálfunarskrá fyrir alla starfsmenn fiskeldisstöðvarinnar í samræmi við viðauka III í reglugerð 1170/2015 um fiskeldi.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	3.1.1 Bátar og flutningstæki	3.1.2 Velferð fiska
3.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokun	3.1.5 Eldissvæði	3.1.7 Framkvæmd flutnings
3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga	3.3.3 Hámarksfjöldi fiska í sjókví	4.1.1 Dagbókarfærslur
4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu	5.1.2 Verklagsreglur sjókvíaeldisstöðva	5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
sérfraeðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.